

Vesturlandsumdæmi.

S T A R F S S K Ý R S L A

1960.

Daniel Kristjánsson,
skógarvörður.

S T A R F S S K Ý R S L A

Skógarvarðarins á Vesturlandi, 1960.

Girðingar:

Aldrei hefur í sögu skógræktarinmar á Vesturlandi verið girt meira en á þessu ári, miðað við notagildi þess lands sem girt var, því það er yfirleitt ákjósanlegt.

Hvammsgirðing í Norðurárdal var endurgirt úr nýju efni. Notað var vínet og þrír strengir af gaddavír, bæði járn og tréstaurar. Lengd girðingarinnar er um 2.3 km. Girðingin er mjög vönduð og bíður landið þar með tilbúið til skógræktar.

Skógagirðing í Þorskafirði var stækkuð um ca. 1800 m. Girt úr víneti og þrír strengir gaddavír. Járn og tréstaurar notaðir. Girðingin mjög vönduð og landið er gott.

Stórafjallsgirðing, sem orðin er 20 ára. Hefur enginn sómi verið sýndur fyrr en í sumar að hún var lagfærð og Haukur Ragnarsson skógfr. mældi hana og lauk lofsorði á landið. Stórafjallsgirðing er 2.285 km. að lengd. Samningur er löggiltur fyrir landið.

Sauðhússkágagirðing var mikið endurbætt, enda þótt þar þurfi mikið meiri aðgerða við síðar, ef á annað borð á að nýta það land allt til skógræktar, sem ég tel mjög vafasamt. Það var ekki hægt að komast hjá viðgerðinni sökum þess að skógræktinni var ekki vanzalaust lögum samkvæmt að láta girðinguna vera svona lengur. Lionklúbbur Borgarness gróðursetti um 700 plöntur í landið eftir minni fyrirsögn, og hefur óskað eftir að fá samning um að planta þar framvegis. Girðinguna þarf að minnka um meira en helming, þá er vit í að eiga þarna við skógrækt, en fyrr ekki.

Arnbjargarlækjargirðing var aðeins endurbætt og hún mæld af þeim Hauki Ragnarssyni og Guðmundi Erni. Lengd hennar er 1760 m.

Ýmsar girðingar voru lagfærðar og þá einkum Jafnaskarðsgirðing, en á næsta vori þarf að endurnýja kafla úr henni sem staðið hefur full 20 ár og var upphaflega girtur úr gömlu efni.

Í haust var ég beðinn að koma vestur í Búðahraun, var það oddvitinn í Breiðuvíkurhreppi er óskaði þess fyrir hönd hreppsbúa. Samkvæmt skipunarbréfi mínu gat ég ekki neftað því, þar sem í

ofanálag hefur verið allróstusamt í sambandi við þá girðingu.

Girðingin er að vonum ónýt, þar sem í upphafi voru notaðir í hana alónýtir máttarstaurar, auk þess var fyrirtækið frá upphafi óhæft frá sjónarmiði skógræktar, en hinsvegar hefði ég óskað þess að friðuð væri landspilda norðaustur af Búðakletti, en það virðist dæmt óhæft, er því ekki um annað að ræða en rífa girðinguna.

Jörfagirðing er til skammar fyrir skógræktina og verður að gera alvarlega gangskör að því annað tveggja að rífa hana eða að gera við hana. Það er ekki hægt fyrir Skógrækt ríkisins að ganga á undan með slík fordæmi, og þeir aðilar sem lofuðu í upphafi að styðja við framkvæmd Jörfagirðingar verða að sæta þar ábúrgð, samkvæmt þeim samningum er þeir hafa gert þar um.

Græðireitur:

Úr reitnum komu að þessu sinni:

Broddgreni	1000
Stafafura	7815
Lerki	650
Rauðgreni	3600
Sitkagreni	5475
Skogarfura	25800
Birki	500

Samtals 44840 plöntur.

Verðmæti plantna er gróðursettar voru úr reitnum á s.l. ári nemur um 49.185.00 kr. Þess ber að gæta að skogarfuran er ekki eftirsótt í bili, og verða því mikil afföll á henni.

Dreifsettar voru saðbeðsplöntur:

<i>fjármun</i>	
Bergfura (Norsk)	1.800 v
Birki	2.000
Sitkagreni (Fossv.)	1.000 v
Brodd- og Blágreni (Fossv.)	8.000 v ?
Skogarfura (Norðt.)	3.000
Rauðgreni (Hallormsst.) R.K. E-D, 2%	4.000
Brodd- og Blágreni (Hallormsst.) S.A.P. 2%	136.300 v ?
Ímislegt	8.000 v
	10.000

Samt. 174.100

Unnið að fullu bað sem búið var að bylta af landi, og hefur verið borinn húsdýraábúrður í landið og það tætt. Næsta vor þarf litla jarðyrkjju að inna af hendi, en nægjanlegt land fyrir 250 þús. plöntur. Vatnslögnin hefur verið endurbætt og ekki þörf að lagfæra hana frekar í bili. Vöxtur var góður í reitnum.

Plöntur væntanlegar úr reitnum næsta vor:

Rauðgreni 11.000

Sitkagreni	12.500
Brod- og blágr.	5.000
Skógarfura	<u>15.000</u>
Samtals	43.500

Nánar visast til skýrslu er fulltr. Baldri Þorsteinssyni hefur áður verið send, varðandi plöntun á komandi vori.

Norðtungugræðireitur er aðeins fárra ára og öll byrjun er fjárfrek og erfið, en samt er það von min að þessi græðireitur eigi eftir að verða sönn lyftistöng fyrir skógræktina um Borgarfjörð og nálæg hérud. Það er í senn erfitt og tímafrekt að flvtja mikið af plöntum um langan veg í misjafnri tíð, og löng geymsla á stórum plöntum er í senn hættuleg og vinnufrek.

Það er mikið vandamál að færa ýmsa kostnaðarliði í margbættri verkaskiptingu innan skógræktarinnar, en einhvern samastað þarf starfsemin að hafa. Á Vesturlandi er miðstöð starfseminnar í Norðtungu græðireit. Þaðan er starfið skipulagt um Vesturland, þaðan eru vinnuflokkar gerðir út til gróðursetingar, grisjunar og í girðingavinnu. Raunin verður sú, að miklu meiri kostnaður er talinn á græðireitinn en honum raunverulega ber, vegna aðstöðu hans. Þetta bið ég yfirmenn skógræktarinnar að taka til velviljaðrar athugunar í sambandi við græðireitinn.

Haustumbúnaði var lokið um 20. sept. að mestu leyti, gerði það fyrirsjáanleg mannfæð eftir þann tíma. Að mestu var notað lim á beðin og torfrenningar lítið eitt. Þess skal að lokum getið að erfitt reynist um aðrátt dreifingarplantna í taka tíð, og þarf að athuga þá hlið betur fyrir komandi vor.

Gróðursetning:

Jafnaskarð: vorgr.	Rauðgreni (N-Helgel..Tumast.)	2/2	3.000
	blágreni (Sopiw.)		200
	rauðgr. (N-Helgel. Norðt.)	2/2	1.500
	skógarfura (Troms - Norðt.)	4/0	1.500
	sítkagr. (Mac Leod 2/2 Norðt.)		<u>1.000</u>
		Plöntur samt.	7.200

Arnbjargarlækjargirðing, Haustgróðursetning:

Skógarfura (Troms - Norðt. 4/0 og 3/0)	3.500
sítkagreni (Cord. 2/2 Tumast.)	3.000
blágreni (Sopiw. 2/2 Tumast.)	2.000
rauðgreni (N-Helgel. 2/2 Tumast.)	<u>1.500</u>
Plöntur samt.	10.000

Ytrafellsgirðing, haustgróðursetn.:

Sitkagreni	(Tumast., Cord. 2/2)	1.000
blágreni	(Sopiw. 2/2, Tumast.)	2.000
ravðgreni	(N-Helgel. 2/2 Tumast.)	2.000
skógarfura	(Troms 3/0 Norðt.)	<u>3.000</u>
	Plöntur samt.	8.000

Norðtunguskógor, við græðireit:

Sitkagreni	(2/3 Norðt.)	700
lerki	(3/2 Norðt.)	600
stafafura	(2/3 Norðt.)	600
birki		500
	Plöntur samt.	<u>2.400</u>

Alls plantað á vegum skógræktarinnar 27.600 plöntur, og hefur oft betur blætt á þessum slóðum með gróðursetningu. Er þetta leið afturför, vonandi verður þetta lægsta talan.

Allar þessar plöntur voru gróðursettar í tímavinnu, enda illt að gróðursetja lítið magn á mörgum stöðum í ákvæðisvinnu.

Grisjun:

Girsjað var í Jafnaskarðsskógi, Ytrafellsskógi og í Arnbjargarlækjargirðingu. Mjög brýn þörf á að grisja mikið í Jafnaskarðsskógi vegna barrplantnanna sem þar vaxa mjög ört.

Laufgun - fræfall - vöxtur - tíðarfari;

Skógur laufgaðist um miðjan maí og er það fyrr en venjulega.

Lauffall varð um 25. sept. Birkifræ mjög lítið í ár.

Vöxtur á barrplöntum var mjög góður og mældust árssprotar yfir 70 cm. á stöku stað. Jafnastur vöxtur er við Hreðavatn, á barrplöntum.

Maðkur var töluverður í birki, en misjafnara en áður. Allvíða er birkikjarr dautt eftir saltveðrið mikla er kom fyrir nokkrum árum og víða má sjá merki þess í gróðursælum hliðum að grasvöxtur hefur tekið yfirlönd - kjarrið virðist víkja.

Tíðarfari árið 1960 mun vera eitt hið bezta er yfir okkur hefur komið. Árið byrjaði með stillum og snjóleysi og svo hélzt allan veturninn. Sumarið heilsaði vel og var farsælt öllum gróðri jarðar. Hausttíð var einmuna góð og hefði vel mátt vinna að gróðursetningu fram í nóvember. Fann útsprunginn túnfífil hátt uppi í fjallshlíð í byrjun nóvember. Og árið kvaddi vel - aldrei öðru hærra frá fyrsta til síðasta.

Dagleg störf - ferðalög - ýmislegt.

Störfin eru lík frá ári til árs - en þó eru ýmsar breytingar gerðar er valda auknum umsvifum.

Að þessu sinni var sú breyting gerð í mínu umdæmi, að Skorradalur var í ár slitinn úr tengslum við umdæmi mitt, sem ég hef haft um 20 ára skeið. Í Skorradal var sendur maður ásamt ráðskonu og vinnuflokki er starfaði þar í sumar.

Í ár hvíldi öll verkstjóm, öll skipulagning verka, allt bókhald, allir aödrættir - á með einum á Vesturlandi þar sem Skógræktin hefur umsvif, að Skorradal undanskildum. Ég hafði ekki á að skipa nema örfað vönu félki, og það ungvíði. Skógræktarstarfinu hér á Vesturlandi hefur verið meiri ~~þeirrigan~~ stakkur skorinn en annarsstaðar, af hálfu Skógræktarinnar, um að ljúka verkum á mjög skömmum tíma, enda þótt starfið hér sem annarsstaðar sé fjölpætt og krefjist mikils tíma. Þessi viðbrögð í vinnuháttum leiða til þess að safna verður saman oft of mörgu fólki um stuttan tíma, og verkstjórni öll og skipulagning verka gengur oft fullnærri starfsorku minni. Við þetta bætist sú staðreynd að ógjörningur er að fá vant fólk sökum þess að fáir vilja treysta á aðra atvinnu að þessum tíma loknum - skógræktaratvinnan hér skapar engum öryggi í afkomu vegna þess hve stuttan tíma hún er.

Nú er það svo að mikil þörf væri hér á 2 til 3 vönum mönnum er gætu jöfnum höndum unnið að girðingum, grisjun, gróðursetningu og við græðireit, enda er slik aðstaða sköpuð öðrum skógarvörðum, jafnhliða því að ég er eini skógarvörðurinn sem hef ekki samastað frá hálfu Skógræktarinnar, og verð því að vera á flækkingi.

Ég byrjaði á Vesturlandi á byrjuninni - hér var enginn visir að skógrækt áður, og við þessi kjör hef ég barizt fyrir framgangi skógræktarmála á Vesturlandi í full 20 ár. Ég vil að árangur sjáist af starfi mínu, og ég hef aldri hlift mér og mun ekki gera.

Auk beirra starfa er ég hef innt af höndum fyrir skógræktina, skipulagði ég gróðursetningur í Norðtunguskógi fyrir Kaupfélag Borgfirðinga og annaðist reikningshald fyrir þá starfsemi. Þá sá ég um gróðursetningu í Snorragarði, við Húsmaðraskólann á Varmalandi og hafði á höndum allar framkvæmdir Skógræktarfélags Borgarfjarðar, sem eru mjög miklar á bessu ári. Girti skógræktargirðingu við Barnaskólann að Varmalandi. Þá hafa önnur skógræktarfélög leitað til mínu um aðstoð, en ég veit ekki hvernig því er varið nú, hvort ég má sinna þeim óskum, enda þótt ég hafi gert það. Þá fór mikill tími í bréfaskriftir, símtöl og samtöl við ýmsa aðila.

Ég var 218 daga á ferðalagi og fjarverandi í erindum skógræktarmála. Helztu ferðalög voru:

Á skógarvarðafundi í Rvk. í marz: 22.-23.-24.-25.-26.-27.-28.

Hinn 13. apr. mætti ég á skógræktarfundi að Saurbæ á Hvalfj.str. og flutti erindi. Hinn 27. apr. mætti ég á skógræktarfundi í Arnarstapa á Mýrum og flutti erindi. Hinn 23. apr. mætti ég á fundi að Varmalandi og flutti þar erindi. 22.-23. maí mætti ég á aðalfundi skógræktarfélagsins í Stvkkishólmi og flutti þar erindi. 15. júní fór ég á skógræktarfund í Innri-Akraneshreppi og flutti erindi. 21. júní fór út fyrir Skarðsheiði og kennið 50 skólabörnum gróðursetningu. 4. júlí, fór í Ytrafellsskógi og skipulagði um gróðursetingu þar. 5. júlí fór ég að Skógum í Þorskafirði og mældi fyrir girðingu þar. 13 - 14. júlí fór ég með verkafólk vestur að Skógum í Þorskafirði og sagði fyrir verkum þar. 22.-23. ág. fór meðverkafólk í Ytrafellsskógi og sagði fyrir verkum. 2.-3 sept. fór í Ytrafellsskógi - gerði upp við verkafólk og athugaði girðinguna og gróðursetningarframkvæmdir. 25.-26.-27. okt., fór í Búða-irðingu á Snæfellsnesi, enn fremur í Hítardalsgirðingu. Auk ofangreindra ferða fór ég margar ferðir um Borgarfjarðarhérað með fólk, plöntur og girðingaefni og til leiðbeininga.

Ég bakka starfsfólk Skógræktarinnar í Reykjavík og annarsstaðar góða fyrirgreiðslu á árinu 1960.

Að endingu þakka ég skógræktarstjóra fyrir samstarfið og óska honum alls góðs.

Skrifað að Hreðavatni, milli jóla og nýjárs 1960.

*Skógræktarstjóri Vesturbæjar
David Kristjánsson*